



Landsamband lögreglumanna

Grettisgötu 89 • 105 Reykjavík • Pósthóll 5006 • Sími 562 4411 • Fax 562 5011

Reykjavík 18. maí 1996.

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/2075

komudagur 24/5 1996

Hr. dómsmálaráðherra
Þorsteinn Pálsson
Háteigsvegi 46
105 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til lögreglulaga.


Virðulegi ráðherra!

Í meðförum allsherjarnefndar Alþingis, á frumvarpi til lögreglulaga, hafa komið fram ýmsar breytingar á upphaflegri gerð frumvarpsins og flestar við verulegra bóta. Ljóst er að allsherjarnefnd hefur lagt umtalsverða vinnu í málið og kappkostað að beina því í góðan farveg. Í ljósi þess að nokkur atriði, sem varða starfs- og stéttarréttindi lögreglumanna, stefna til verulegrar skerðingar tel ég mér rétt og skylt að upplýsa yður á þessu stigi um viðhorf samtaka lögreglumanna til þessarra atriða, skv. meðfylgjandi munnisatriðum. Jafnframt er hjálögð ályktun 20. þings Landssambands lögreglumanna, hvert haldið var að Löngumýri í Skagafirði dagana 7.- 9. maí sl.

Lögreglumönnum er það ekki kappsmál að hindra framgang frumvarpsins í meðförum Alþingis. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því horft að lögreglumenn hafa um langan tíma sýnt starfi sínu virðingu og kappkostað að til þess veldust þeir bestu úr hópi hæfra umsækjenda. Af sama metnaði lögðu lögreglumenn sig eftir því að lögfest yrðu hæfisskilyrði með lögum nr. 64/1989 og geta ekki með nokkru móti sætt sig við að þau skilyrði verði rýmkuð.

Er það einlæg von okkar hr. dómsmálaráðherra, að þér stuðlið áfram sem hingað til, að faglegum framförum í störfum íslenskra lögreglumanna og að hvergi verði dregið úr þeim hæfiskröfum sem til þeirra eru gerðar. Því viljum við setja fram þá ósk að þér takið þessi málefni til nánari endurskoðunar í ljósi meðfylgjandi röksemda.

Virðingarfyllst,


Jónas Magnússon
formaður.

Minnisatriði um frumvarp til lögreglulaga.

Ýmsar breytingar til bóta hafa verið gerðar á frumvarpinu til laga um lögreglumenn, og hefur Allsherjarnefnd skoðað það með mjög jákvæðu hugarfari.

Það er hins vegar komið langt fram eftir vetri og ljóslega margt sem þarf að bíða betri tíðar. Það má vænta að málin verði skoðuð frekar innan fárra missera, því hér er m.a. frestað að eiga við endurskoðun á skipan lögreglumyndama í landinu og vafalítið að embætti ríkislögreglustjóra verður tekið til endurmats þegar reynsla er fengin.

Hins vegar standa hér eftir nokkur mál er varða starfs- og stéttarréttindi lögreglu, mál sem eru þannig að stéttarsamtök lögreglumanna telja sér eðlislægt skylt að beita sér gegn eftir fremsta megni:

I.

Starfsréttindi lögreglumanna fengust með lögum nr. 64/1989, þar sem starfsréttindin voru bundin við próf frá Lögregluskóla ríkisins og heimildir til ráðningar afleysingarmanna voru verulega takmarkaðar. Þetta var gert til að fyrirbyggja þá framkvæmd sem lengi hafði tíðkast, að menn voru bara ráðnir, að nafni til vegna annarra sem væru í námi, þeir settir í einkennisbúning og til verka, án kunnáttu eða reynslu, og án tillits hvort þeir uppfylltu skilyrði til inngöngu í lögreglu. - Fyrirgreind lagagrein er sem hér segir:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 5. gr. laganna koma þrjár málsgreinar svohljóðandi:

Lögreglumenn, hvort sem þeir eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn er gegna borgaralegri skyldu.

Engan má ráða eða skípa lögreglumann eftir 1. júlí 1990 án þess að hann hafi lokið námi í Lögregluskóla ríkisins. Heimilt er að lausráða nema til reynslu til lögreglustarfa meðan á námi þeirra stendur í Lögregluskóla ríkisins. Reynsluráðning skal aldrei standa lengur en tvö ár. Heimilt er að ráða til lögreglustarfa menn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins til afleysinga í sumarleyfum á tímabilinu 15. maí til 30. september ár hvert. Ákvæði varðandi próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna á varðskipum, tollvarða, héraðslögreglumanna eða varalögreglumanna, þó skulu þeir, sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins, ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn ákvæði þessu varðar sektum nema þyngri refsing liggi við að lögum og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Landssamband lögreglumanna hefur þurft mörgum sinnum að leita allra tækra leiða til að ganga eftir að lögunum sé framfylgt. Viðbrögð ráðuneytisins koma hins vegar m.a. í eftirfarandi orðum í bréfi dómsmálaráðuneytisins til Umboðsmanns Alþingis, dags. 18. mars 1992, undirrituðu af Þorsteini Geirssyni, ráðuneytisstjóra, og Hjalta Zóphóníassyni, skrifstofustjóra:

Ráðuneytið telur nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir tildrögum lagasetningar nr. 64/1989. Þar er um að ræða þingmannafrumvarp en ekki stjórnarfrumvarp, sem er óvenjulegt í þessu sambandi. Frumvarpið var flutt að ósk lögreglumanna og samið á þeirra vegum.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi til laga um lögreglumenn er þetta ákvæði felld út, en í staðinn kemur eftirfarandi ákvæði í 28. gr., 4. mgr.:

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforra eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. 38. gr. laganna, staðan verið auglýst með venjulegum hætti og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins sótt um hana.

(Skáletruðu orðin skv. breytingartillögu Allsherjarnefndar).

Það hefur verið viðhorf fulltrúa ráðuneytisins að með þessum lið sé afnumin meginregla 1. gr. laganna um lögreglumenn frá 1989. Þetta er staðfest í bréfi, rituðu af Sigurði T. Magnússyni, skrifstofustjóra í dómsmálaráðuneytinu, dagsettu 27. febrúar 1996, til nokkurra sýslumanna, en þar segir:

Til að draga úr líkum á að slíkt ófremdarástand geti skapast hefur verið lagt til, í frumvarpi til lögreglulaga, að heimildin til að ráða menn, sem ekki hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins, tímabundið til lögreglustarfa, verði rýmkuð.

Tilfni bréfsins var það að LL hafði bent ráðuneytinu á að það gæti búist við því að farið yrði fram á lögbann við vinnu aðila sem uppfylltu ekki hæfnisskilyrði laga um lögreglumenn.

II.

Í reglugerð nr. 660/1981 um veitingu lögreglustarfs o.s.frv., 1. gr., segir svo:

1. Umsækjandi skal vera íslenskur ríkisborgari, 20-30 ára, fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur af óreiðu í fjármálum. Hann skal hafa gott mannorð og vera þekktur af reglusemi og háttvísi.

Þótt þessi ákvæði séu einföld hafa þau verið fullnægjandi forsenda þess að beina þeim aðilum frá lögreglustarfi sem ekkert erindi eiga þangað, sökum fyrri ferils. Það hafa oft verið ríkar ástæður til að höfða til þeirra. Telja má frekar ástæðu til að þrengja þessi ákvæði en rýmka. - Í nýja lögreglulagafrumvarpinu, 38. gr., mgr. 2.a, er hins vegar slakað verulega á:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar og ekki hafa *hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum.*

(Skáletruðu orðin skv. breytingartillögu Allsherjarnefndar).

Samkvæmt þessu væri það orðið vansalaust þótt umsækjandi hefði hlotið dóm skv. sérrefsilögum, hlotið ítrekaðar sáttir fyrir minni hegningarlagaþrot, hlotið ítrekaðar lögreglustjórásáttir fyrir neyslubrot í fíkniefnamálum eða dómssáttir fyrir önnur minni brot í þeim málum, hafa safnað umtalsverðum sektum eða lögreglustjórásáttum í alvarlegri umferðarmálum, jafnvel hafa hlotið tvívegis sviptingu vegna ölvunaraksturs, eða vera á annan veg grunaður um vafasamt athæfi eða þekktur að meiri háttar óreiðu.

III.

Ákvæði 38. gr. 4. mgr., um ólaunað nám í Lögregluskóla ríkisins, stangast á við ákvæði gildandi kjarasamnings LL:

10.1.1* Lögreglumenn, sem stunda nám í Lögregluskóla ríkisins eða sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið að beiðni lögreglustjóra, skulu halda föstum launum og vaktaálagi. Lögreglumenn, sem af þessum sökum þurfa að búa fjarri heimilum sínum, skulu fá greiddan ferðakostnað til og frá heimili sínu við upphaf og lok námstímabils. Auk þess eina slíka ferð á fyrri önn Lögregluskóla ríkisins og 2 slíkar ferðir á síðari önn skólans. Þeir skulu enn fremur fá greiddan hæfilegan dvalarkostnað skv mati nefndar, sbr 5.7.

Það hlýtur að vera lágmarkskrafa LL að starfskjör séu ekki skert svona einhliða með lagaboði og lágmark tillitssemi að hér fylgi með bráðabirgðaákvæði um að samið sé við lögreglumenn um þessa breytingu.

~ ~ ~

Auk fyrrgreindra atriða hljóta lögreglumenn að harma það að tekið var út úr frumvarpinu það ákvæði sem nefndin var sammála um og var 33. grein frumvarpsins í þeirra drögum:

Lögreglumaður skal leystur frá starfi sínu, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.

Góður skilningur var innan allsherjarnefndar um þetta mál, en ljóslega ekki nein stefna fyrir hendi um hvernig ætti að taka á því. Var stungið upp á bráðabirgðaákvæði um nefndarskipan til að leita annarra starfa fyrir lögreglumenn, en það reyndist ganga skemur en bókanir og sérákvæði sem eru í gildandi kjarasamningi LL, og var þessu bráðabirgðaákvæði þá kippt til baka.